

## Reglur Reykjavíkurborgar um framkvæmd íbúakosninga

### Drög í vinnslu

#### 1. gr.

Ef 20% þeirra íbúa sem kosningarétt eiga í Reykjavíkurborg óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal borgarstjórn verða við því innan árs frá því að slík ósk berst sbr. 85. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Reglur þessar gilda einnig um framkvæmd íbúakosninga sem fara fram skv. 107. gr. sveitarstjórnarlaga og um aðrar íbúakosningar sem fram fara í Reykjavík.

#### 2. gr.

Um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í íbúakosningum skv. 1. gr. fer á sama hátt og við sveitarstjórnarkosningar.

#### 3. gr.

Í samþykkt borgarstjórnar skal kveðið á um orðalag og framsetningu þeirrar tillögu sem borin verður upp undir atkvæði og þær upplýsingar sem kjósendum eru nauðsynlegar til að geta tekið til hennar upplýsta afstöðu.

Á kjörseðli skal skýrt koma fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er upp og gefnir tveir möguleikar á svari: „Já“ eða „Nei“.

Borgarstjórn getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 1. gr. séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti.

#### 4. gr.

Íbúakosning skv. 1. gr. skal fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir ákvörðun borgarstjórnar. Íbúakosning að ósk íbúa sbr. 2. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 130/2011 skal fara fram innan árs frá því að ósk berst.

#### 5. gr.

Borgarstjórn ákveður kjördag íbúakosninga skv. 1. gr. innan þeirra tímamarka sem greinir í 4. gr.

Borgarstjórn skal auglýsa atkvæðagreiðsluna á tryggilegan hátt og birta þá tillögu sem tekin verður afstaða til í síðasta lagi einum mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna.

#### 6. gr.

Borgarstjórn skal standa fyrir kynningu á því málefni sem borið er undir íbúakosningu skv. 1. gr. Fyrirkomulag kynningar er á ábyrgð forsætisnefndar.

#### 7. gr.

Yfirkjörstjórn skal vera hin sama og við sveitarstjórnakosningar. Borgarstjórn kýs undirkjörstjórnir og hverfiskjörstjórnir.

#### 8. gr.

Skrifstofa borgarstjórnar annast framkvæmd kosninganna og lætur yfirkjörstjórnnum í té kjörseðla sem nota skal við atkvæðagreiðsluna. Yfirkjörstjórnir annast framsendingu þeirra til hverfiskjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við sveitarstjórnarkosningar.

#### 9. gr.

Að íbúakosningu lokinni senda undirkjörstjórnir tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla til yfirkjörstjórnar.

Talning atkvæða fer fram fyrir opnum dyrum hjá yfirkjörstjórn. Hún skal auglýsa með nægum fyrirvara hvenær hún komi saman til að opna atkvæðakassa og hefja talningu atkvæða.

Um meðferð atkvæða, gildi þeirra og framkvæmd talningar fer eftir lögum um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á. Heimilt er að beita rafrænum aðferðum við talningu. Yfirkjörstjórn úrskurðar um gildi atkvæða sem eru haldin einhverjum annmörkum og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Yfirkjörstjórn skal skipa umboðsmenn sem hafa það hlutverk að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála.

#### 10. gr.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni þar sem fram koma kosningaúrslit, ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um til borgarstjórnar sem lýsir úrslitum íbúakosninganna.

#### 11. gr.

Um íbúakosninguna sjálfa, undirbúning hennar og atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við kosningar til sveitarstjórna.

#### 13. gr.

Kjósandi getur sent kæru um ólögmati íbúakosninga, aðra en refsikæru, til **Innanríkisráðuneytis** eigi síðar en sjö dögum frá því að borgarstjórn auglýsir úrslit íbúakosninganna.